

Viðhorf Evrópubúa til loftslagsbreytinga og orkumála:

Helstu niðurstöður úr 8. lotu
European Social Survey (evrópsku
samfélagskönnunarinnar)

Ritröð ESS
með helstu
niðurstöðum

tölublað

9

Í þessu nýjasta hefti ritraðar okkar um helstu niðurstöður úr ESS eru viðhorf til loftslagsbreytinga og orkumála skoðuð í fyrsta sinn. Efnið var valið vegna aukins mikilvægis málaflokksins, en það endurspeglast í Parísarsamkomulaginu sem 195 ríki sem eiga aðild að Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna gerðu. Víða um Evrópu hefur hitastig farið hækkandi og meiri öfgar verið í veðurfari sem gerir málaflokkinn ef til vill mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr.

Loftslagsbreytingar halda áfram að vera á meðal stærstu áskorana samfélagsins, ekki bara í Evrópu, heldur í heiminum öllum. Með því að kanna viðhorf almennings til loftslagsbreytinga og orkugjafa,

sem tengjast umræðu um loftslagsbreytingar með augljósum hætti, vonum við að gögnin komi að gagni við stefnumótun í málaflokknum.

Tvö mismunandi málefni eru valin fyrir hverja lotu rannsóknarinnar í þeim tilgangi að auka gildi gagnanna með því að taka á nýjum málefnum. Þessi nýi efnishluti er gott dæmi um það.

Allir hjá ESS eru ánægðir með framlag þeirra sem komu að hönnun spurningalistas og skrifum þessa heftis.

Rory Fitzgerald
*framkvæmdastjóri ESS ERIC
City, háskólanum í London*

Höfundar þessa heftis:

- Wouter Poortinga, prófessor í umhverfissálfræði, Cardiffháskóla
- Stephen Fisher, dósent í stjórnmalafélagsfræði, Trinity-skóla, háskólanum í Oxford
- Gisela Böhm, prófessor í sálfélaglegum vísindum, háskólanum í Bergen
- Linda Steg, prófessor í umhverfissálfræði, háskólanum í Groningen
- Lorraine Whitmarsh, prófessor í umhverfissálfræði, Cardiff-háskóla
- Charles Ogunbode, rannsakandi, háskólanum í Bergen

Einnig komu eftirtaldir fulltrúar úr miðlægu vísindateymi ESS að hönnun spurningalistas um viðhorf til loftslagsbreytinga og orkumála:

- Brita Dorer (GESIS - félagsvísindastofnuninni í Leibniz)
- Salima Douhou, Rory Fitzgerald, Ana Villar og Lizzy Winstone (City, háskólanum í London)
- Diana Zavala Rojas (Pompeu Fabra háskóla)

Evrópsk viðhorf til loftslagsbreytinga og orkumála: Helstu niðurstöður úr 8. lotu European Social Survey

Wouter Poortinga, Stephen Fisher, Gisela Böhm, Linda Steg, Lorraine Whitmarsh, Charles Ogunbode

Inngangur

Loftslagsbreytingar stefna náttúrulegum-, félagslegum- og efnahagslegum kerfum í alvarlega hættu og eru nú meðal brýnustu áskorana sem heimurinn stendur frammi fyrir. Til þess að komast hjá frekari áhrifum mannsins á loftslag er nauðsynlegt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á komandi áratugum (IPCC, 2014). Þetta krefst breytinga á aðferðum við orkuframleiðslu og nýtingu orku, auk þess sem draga þarf úr eftirspurn eftir henni. Ef takast á að draga úr kolefnislosun við orkuframleiðslu í Evrópu, kallar það á breytta hegðun, nýja tækni og breyttan aðbúnað, auk aðgerða og reglugerða sem aðeins nást með víðtækri sátt almennings.

Ákvarðanir um að draga úr kolefnislosun við orkuframleiðslu, í því skyni að draga úr loftslagsbreytingum, þarf hins vegar að skoða í tengslum við aðrar áskoranir í orkumálum. Að tryggja áreiðanlegt og öruggt framboð orku hefur orðið sífellt mikilvægara í ljósi alþjóðavæðingar orkumarkaða, hækkandi orkuverðs og þess að enn erum við háð jarðefnaeldsneyti (World Energy Council, 2013). Aðgerðir sem stjórnvöld ólíkra landa kunna að grípa til, í því skyni að bregðast við þessum áskorunum, eru sömuleiðis háðar skoðunum almennings í viðkomandi löndum.

Í 8. lotu European Social Survey (ESS) voru lagðar fyrir nýjar spurningar um loftslagsbreytingar og orkumál. Spurningalistinn var hannaður með það í huga að gögnin sem væri safnað væru grundvölluð á kenningum og veittu yfirgripsmikla sýn á viðhorf almennings til loftslagsbreytinga, orkuöryggis og vals á orkugjöfum. Í því skyni er notast við hugtakaramma sem er að miklu leyti byggður á líkani um tengsl gilda, skoðana og viðmiða (Value-Belief-Norm model) (Stern, 2000). Í þessari skýrslu um helstu niðurstöður ESS, fjöllum við um eftirfarandi svið: 1) skoðanir á loftslagsbreytingum, 2) áhyggjur af loftslagsbreytingum og orkuöryggi, 3) eigin viðmið og trú á áhrif eigin hegðunar, 4) val á orkugjöfum og 5) afstöðu til stefnumótunar í umhverfismálum.

Gögnum fyrir 8. lotu ESS var safnað á tímabilinu frá ágúst 2016 til desember 2017. Gagnasafnið í heild samanstendur af svörum frá 44.387 einstaklingum í 23 löndum.¹ Nánari upplýsingar um gagnaöflunina má finna í 2. útgáfu ESS8-greinargerðar um gögnin.² Öflugt hönnunarferli, hágæða þýðingar og nákvæmar leiðbeiningar um söfnun gagna,³ tryggja að hægt sé að gera áreiðanlegan samanburð á milli landa.

Tafla 1: Trú á tilvist, orsakir og áhrif loftslagsbreytinga.

LAND	LANDSKÓÐI	LOFTSLAG ER SENNILEGA EÐA ÖRUGGLEGA AÐ BREYTAST (%)	LOFTSLAG-SBREYTINGAR ERU AÐ MINNSTA KOSTI AÐ HLUTA TIL AF MANNA VÖLDUM (%)	ÁHRIF LOFTSLAG-SBREYTINGA VERÐA SLÆM (%)
Austurríki	AT	92,5	91,8	74,0
Belgía	BE	96,4	94,0	66,3
Bretland	GB	93,6	91,0	66,0
Eistland	EE	91,3	88,8	59,7
Finnland	FI	94,0	93,9	67,2
Frakkland	FR	96,3	93,8	73,7
Holland	NL	96,2	91,8	61,6
Írland	IE	96,1	91,1	63,2
Ísland	IS	97,7	94,6	81,6
Ísrael	IL	86,3	85,4	58,1
Ítalía	IT	94,8	93,6	69,0
Litháen	LT	88,7	82,7	73,7
Noregur	NO	92,9	87,8	71,9
Portúgal	PT	97,0	93,6	81,1
Pólland	PL	92,6	89,6	70,4
Rússland	RU	82,2	83,8	61,8
Slóvenía	SI	96,5	93,0	71,4
Spánn	ES	95,8	95,7	87,9
Sviss	CH	96,4	94,4	74,0
Svíþjóð	SE	96,8	92,4	81,2
Tékkland	CZ	88,9	89,5	68,0
Ungverjaland	HU	91,4	92,7	77,0
Þýskaland	DE	95,4	94,8	77,4

Heimild: European Social Survey, 8. lota, 2016-2017. Gögn voru vigtuð með tilliti til þýðisupplýsinga (e. post-stratification weights) fyrir greiningar í einstökum löndum.

Skoðanir á loftslagsbreytingum

Spurningar voru hannaðar til að meta skoðanir fólks á loftslagsbreytingum og þá sérstaklega trú þess á tilvist, orsakir og afleiðingar breytinganna (Poortinga, Spence, Whitmarsh, Capstick og Pidgeon, 2011). Svarendur voru fyrst spurðir hvort þeir telji að loftslag jarðar sé að breytast.

Í töflu 1 má sjá hlutfall svarenda í hverju landi fyrir sig sem telur að loftslag jarðar sé sennilega eða örugglega að breytast. Á meðan yfir 90% svarenda í flestum landanna telja sennilegt eða öruggt að loftslag í heiminum sé að breytast, þá telja færri en 90% svarenda í Ísrael og nokkrum löndum Austur-Evrópu svo vera, en þó er mikill meirihluti svarenda í þeim löndum þeirrar skoðunar að loftslag sé að breytast.

Svarendur voru því næst spurðir hvort þeir teldu að loftslagsbreytingar væru af náttúrulegum völdum, manna völdum eða hvoru tveggja. Í töflu 1 má sjá hlutfall svarenda sem telur að loftslagsbreytingar séu að minnsta kosti að hluta til af manna völdum. Sú skoðun er almennt viðurkennd meðal vísindamanna að það sé ákaflega líklegt að breytingar á loftslagi séu tilkomnar af manna völdum (IPCC, 2014) og telur mikill meirihluti svarenda að aðgerðir manna leiki að minnsta kosti eitthvert hlutverk. Munur mælist á svörum milli landa, þar sem íbúar Ísraels, Noregs og nokkurra Austur-Evrópulanda eru lítillega ólíklegri til að telja að loftslagsbreytingar séu að minnsta kosti að hluta til af manna völdum.

Tafla 1 sýnir enn fremur hlutfall svarenda í ólíkum löndum sem telur að afleiðingar loftslagsbreytinga verði slæmar. Svarendur svöruðu á kvarða frá 0 til 10, þar sem 0 merkir „gífurlega slæmar“ og 10 merkir „gífurlega góðar“. Í flestum löndum merkti meirihluti svarenda við á vinstri hluta kvarðans (þ.e. 0-4) en aftur er nokkur munur á milli landa.

Áhyggjur af loftslagsbreytingum og orkuöryggi


Ákvarðanir um að draga úr kolefnislosun við orkuframleiðslu, í þeim tilgangi að draga úr loftslagsbreytingum, verða ekki teknar án tillits til stefnumótunar sem miðar að því að tryggja áreiðanlega og örugga orkuafhendingu á verði sem öll heimili ráða við. Samhliða áhyggjur af áreiðanleika, öryggi og orkuverði er þekkt sem þríþætt valþröng orkumálanna (e. energy trilemma) (World Energy Council, 2013).

Hér greinum við frá huglægu mati svarenda á loftslagsbreytingum og orkuöryggi. Við könnum sérstaklega áhyggjur af hinni þríþættu valþröng, með því að mæla áhyggjur sem fólk hefur af loftslagsbreytingum, áreiðanleika orkuafhendingar og orkuverði, á kvarða frá „engar áhyggjur“ til „gífurlegar áhyggjur“.

Þrátt fyrir að mikill meirihluti Evrópubúa telji að loftslag jarðar sé að breytast og að það sé að minnsta kosti að hluta til af manna völdum, þá eru áhyggjur af loftslagsbreytingum tiltölulega litlar. Í þáttökulöndunum 23 segist aðeins rúmlega fjórðungur svarenda hafa miklar eða gifurlegar áhyggjur af loftslagsbreytingum. Það kemur á óvart hvað áhyggjurnar eru litlar, þegar haft er í huga að tæplega tveir þriðju hlutar svarenda telja að áhrif loftslagsbreytinganna verði slæm fyrir fólk um allan heim (sjá töflu 1).

Á mynd 1 má sjá hlutfall svarenda í löndunum 23 sem segist hafa miklar eða gifurlegar áhyggjur af loftslagsbreytingum, áreiðanleika orkuafhendingar og orkuverði (að orkuverði

Mynd 1: Áhyggjur af loftslagsbreytingum, áreiðanleika orkuafhendingar og orkuverði (% miklar/gífurlegar áhyggjur).



Heimild: European Social Survey, 8. lota, 2016-2017. Gögn voru vigtuð með tilliti til þýðisupplýsinga (e. post-stratification weights) fyrir greiningar í einstökum löndum.

sé viðráðanlegt). Þegar svörin eru borin saman á milli landanna 23 virðist sem áhyggjurnar séu mestar af orkuverði, en um 40% svarenda segjast hafa miklar eða gífurlegar áhyggjur af því. Svarendur hafa hinsvegar minnstar áhyggjur af áreiðanleika orkuafhendingar, en 15% svarenda segjast hafa miklar eða gífurlegar áhyggjur af henni. Áhyggjur af loftslagsbreytingum eru síðan nokkurn veginn miðja vega þar á milli, með 28% svarenda sem láta í ljós miklar áhyggjur af þeim.⁴

Áhyggjur af hinni þríþættu valþröng orkumálanna eru mismiklar eftir löndum, eins og búast mætti við. Löndin eru misjafnlega berskjölduð fyrir áhrifum af loftslagsbreytingum og mæta ólíkum áskorunum í orkumálum þar sem þau reiða sig á ólíkar tegundir orkugjafa.

Áhyggjur af loftslagsbreytingum eru sérlega miklar í Portúgal, á Spáni og í Þýskalandi og er Portúgal eina landið þar sem meira en helmingur íbúa segist hafa miklar eða gífurlegar áhyggjur af þeim. Hins vegar eru áhyggjur af loftslagsbreytingum fremur litlar á Írlandi og í Ísrael, í Austur-Evrópulöndunum Litháen, Eistlandi og Póllandi, svo og í Rússlandi. Í hverju þessara landa fyrir sig segjast færri en 20% íbúa hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum.

Eins og sjá má á mynd 1 eru áhyggjur íbúa í flestum landanna minni af áreiðanleika orkuafhendingar en af loftslagsbreytingum. Hlutfall þeirra sem segist hafa miklar eða gífurlegar áhyggjur spannar frá 1% á Íslandi til 30% í Rússlandi. Auk Rússlands, eru áhyggjur af orkuáreiðanleika tiltölulega

miklar á Spáni (21%), og í Portúgal (22%) og Ísrael (23%).

Áhyggjur af orkuverði eru meiri í öllum þátttökulöndunum en áhyggjur af áreiðanleika orkuafhendingar og meiri en áhyggjur af loftslagsbreytingum í flestum landanna. Eins og sjá má á mynd 1 eru áhyggjur af orkuverði sérstaklega útbreiddar á Spáni (70%) og í Portúgal (68%), sem eru einnig þau lönd þar sem mestar áhyggjur af loftslagsbreytingum mælast. Þar á eftir fylgja Belgía (51%), Ísrael (49%), Rússland (47%) og Litháen (45%). Þrjú þau síðasttöldu eru meðal þeirra landa þar sem minnstar áhyggjur af loftslagsbreytingum mælast.

Þau lönd sem hafa minnstar áhyggjur af orkuverði eru Svíþjóð, Ísland, Sviss og Noregur en þar segjast færri en 15% svarenda hafa miklar eða gífurlegar áhyggjur af því „að orka sé of dýr fyrir marga“ í þeirra landi. Löndin fjögur eru í hópi aðeins átta landa þar sem áhyggjur af loftslagsbreytingum eru meiri en áhyggjur af orkuverði. Í 15 löndum af þeim 23 sem tóku þátt í könnuninni, og í Evrópu heilt yfir, virðist almenningur telja viðráðanlegt orkuverð mikilvægara en að draga úr loftslagsbreytingum sem þó er talið mikilvægara en að tryggja áreiðanleika í orkuafhendingu.

Þetta gæti virst leysa hina þríþættu valþröng orkumála frá sjónarhóli almennings og benda til þess að vilji sé til að draga úr kröfum um áreiðanleika í orkuafhendingu til að halda niðri kostnaði við að draga úr loftslagsbreytingum. Hinsvegar ber að hafa í huga, að engar meiriháttar truflanir voru á orkuafhendingu og að verð á

rafmagni og gasi hafði lækkað í flestum Evrópulöndum árið áður en gagnaöflun í ESS könnuninni fór fram. Áhyggjur af hvoru tveggja, verði og áreiðanleika, gætu breyst stórkostlega ef neytendur upplifðu miklar verðhækkningar og orkuskort.

Eigin viðmið og trú á áhrif eigin hegðunar

Þegar skoðað er sambandið á milli annars vegar áhyggna af loftslagsbreytingum og orkuöryggi og vals á orkugjöfum hins vegar, er mikilvægt að skilja þá þætti sem tengja þessi atriði saman (Steg og de Groot, 2010). Samkvæmt líkaninu um tengsl gilda, skoðana og viðmiða (Stern, 2000), eru umhverfisvæn viðmið og hegðun það sem helst tengir saman áhyggjur af loftslagsbreytingum og val á orkugjöfum. Umhverfisvæn viðmið endurspeglar að hve miklu leyti einstaklingur finnur til persónulegrar ábyrgðar á að leggja sitt af mörkum til að leysa umhverfisvandamál. Þessi atriði voru könnuð með því að spyrja svarendur hvort þeir finni til persónulegrar ábyrgðar á því að reyna að draga úr loftslagsbreytingum.

Notaður var 11 punkta svarkvarði, þar sem 0 merkir „að alls engu leyti“ og 10 merkir „að mjög miklu leyti“. Meðaltal svaranna var 5,6 (Sf=2,7) fyrir öll 23 þátttökulöndin, eða aðeins lítillega yfir miðjugildinu 5.⁵ Þetta bendir til þess að fólk finni aðeins til hóflegar ábyrgðar á því að draga úr loftslagsbreytingum.

Eins og sjá má á mynd 2 reyndist persónuleg ábyrgð (eigin viðmið) mest í löndum Vestur-Evrópu, svo sem í Frakklandi og Sviss (meðaltal nálægt 7), og minnst í Tékklandi og Rússlandi (bæði


löndin með meðaltal undir 4).

Til þess að bregðast við loftslagsbreytingum þarf fólk ekki aðeins að finna til persónulegrar ábyrgðar, heldur þarf því líka að finnast að það geti haft áhrif með gjörðum sínum. Mikilvægi trúar á áhrif eigin umhverfisvænnar hegðunar hefur verið vel staðfest innan fræðanna (Hanss og Böhm, 2010; Meinhold og Malkus, 2005). Samkvæmt hugrænu félagsnámskenningunni (e. Social cognitive theory) (Bandura, 1982) þurfa einstaklingar að trúa á eigin getu til að hegða sér á ákveðinn hátt og jafnframt að trúa því að hegðunin sé árangursrík leið (eigin áhrif) til þess að ná fram ákveðinni útkomu (útkomuvæntingar).

Við byggðum spurningar um áhrif af hegðun einstaklinga, hópa og stofnana á kenningu um sameiginlegar aðgerðir (e. collective action model) (Koletsou og Mancy, 2011; Lubell, 2002). Hér birtum við eingöngu niðurstöður sem tengjast trú á áhrif eigin hegðunar og útkomuvæntingar, sem var mælt með spurningum um trú á að geta dregið úr orkunotkun (eigin áhrif) og hvort það væri líklegt til að draga úr loftslagsbreytingum (útkomuvæntingar).

Svarkvarðar beggja spurninga voru 11 punktar, frá 0 til 10, þar sem í fyrri spurningunni merkir 0 „alls ekki líklegt“ og 10 „alveg öruggt“ (eigin áhrif) og við seinni spurningunni merkir 0 „alls ekki líklegt“ og 10 „gífurlega líklegt“ (útkomuvæntingar). Eins og í tilfelli persónulegrar ábyrgðar, var meðaltal svara lítillega hærra en miðjugildið. Meðaltal spurningarinnar um trú á eigin getu til að draga úr orkunotkun var 5,9 (Sf=2,6) fyrir öll 23 þátttökulöndin.⁶

Mynd 2: Meðaltöl fyrir eigin viðmið, trú á eigin áhrif og útkomuvæntingar.



Heimild: European Social Survey, 8. lota, 2016-2017. Gögn voru vigtuð með tilliti til þýðisupplýsinga (e. post-stratification weights) fyrir greiningar í einstökum löndum.

Þrátt fyrir að orkunotkun sé mjög mikil í Evrópu á heimsælikvarða, er fólk ekki mjög trúað á að það geti notað minni orku en það gerir í dag. Eins og sjá má á mynd 2, er trú á eigin getu til að draga úr orkunotkun lítil í nokkrum löndum Austur-Evrópu, svo sem Ungverjalandi, Tékklandi og Rússlandi. Trú á eigin áhrif er meiri í flestum löndum Vestur-Evrópu og er hlutfallslega mikil í Frakklandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi.

Fólk virðist ekki telja það mjög líklegt að það að takmarka eigin orkunotkun hjálpi til við að draga úr loftslagsbreytingum. Heildarmeðaltal spurningarinnar um útkomuvæntingar var 4,3 (SF=2,6),⁷ vinstra megin á kvarðanum. Raunar var meðalskorið lægra en miðjugildið í öllum 23 þátttökulöndunum, sem bendir til þess að margir telji það hafa takmörkuð áhrif til að draga úr loftslagsbreytingum að minnka orkunotkun. Á mynd 2 má sjá að útkomuvæntingar eru sérlega litlar í löndum þar sem hlutfallslega fáir telja að loftslagsbreytingar séu að mestu leyti af manna völdum, svo sem í Eistlandi, Slóveníu, Tékklandi og Rússlandi. Útkomuvæntingar eru hlutfallslega háar í Austurríki, Sviss, Belgíu og Litháen en eru samt undir miðjugildi kvarðans.

Frekari greining leiðir í ljós fylgni milli eigin viðmiða, trúar á eigin áhrif og útkomuvæntinga fólks.⁸ Það gefur til kynna að þeir sem finna til persónulegrar ábyrgðar á því að draga úr loftslagsbreytingum, hafi einnig frekar trú á að þeir geti dregið úr orkunotkun og telji að það sé árangursrík leið til þess að draga úr loftslagsbreytingum. Þessi fylgni, ásamt fjölda svara sem liggja nálægt miðjugildi kvarðans við

spurningunum þremur, sýna að hátt gildi á spurningunum þremur eigin viðmið, trú á eigin áhrif og útkomuvæntingar samtímis er fremur sjaldgæft. Enda merktu aðeins 22% (23% íbúa á ESB/EFTA svæðinu) við gildi einhvers staðar á bilinu 6-10 á kvarðanum fyrir allar þrjár spurningarnar. Það eru þannig hlutfallslega fáir Evrópubúar sem finna allt í senn til mikillar persónulegrar ábyrgðar, treysta sér til þess að nota minni orku og finnst framlag sitt vera líklegt til að draga úr loftslagsbreytingum. Til þess að hvetja til og koma á viðtækum hegðunarbreytingum, þurfa fleiri að búa yfir þessari samsetningu viðmiða og skoðana.

Val á orkugjöfum

Þessi hluti spurningalistans fjallaði um orkuframboð- og eftirspurn. Hér förum við yfir helstu niðurstöður um það hvaða orkugjafa almenningur vill helst nýta til rafmagnsframleiðslu og viðhorf til orkusparandi hegðunar.

Rafmagnsframleiðsla


Svarendur voru spurðir hversu mikið rafmagn ætti að framleiða með kolum, jarðgasi, vatnsafli, kjarnorku, sólarorku, vindorku og lífmassa. Á mynd 3 má sjá viðhorf svarenda í 21 Evrópuríki á ESB/EFTA svæðinu til ólíkra orkugjafa sem notaðir eru til framleiðslu á rafmagni. Ljóst er að endurnýjanlegir orkugjafar eru langsamlega vinsælastir. Um það bil tveir þriðju svarenda telja að framleiða ætti mikið eða mjög mikið rafmagn með vatns- eða vindorku og þriðjungur telur að nota eigi sólarorku til framleiðslunnar. Á hinn bóginn eru kol og kjarnorka greinilega óvinsælir orkugjafar til rafmagnsframleiðslu, þar

sem mjög fáir svarendur vildu nýta þessa orkugjafa til að framleiða mikið eða mjög mikið rafmagn. Viðhorf til jarðgass virðist falla einhvers staðar mitt á milli endurnýjanlegra orkugjafa og kola/kjarnorku.

Frekari greining, sem ekki verður fjallað um hér, sýnir að mikill munur er á þessum viðhorfum eftir þáttökulöndum. Sem dæmi eru kol og jarðgas vinsælustu orkugjafarnir í Ísrael og nokkrum löndum Mið- og Austur-Evrópu, svo sem Rússlandi og Póllandi. Kjarnorka

er tiltölulega vinsæl í Rússlandi, Litháen og Ungverjalandi. Endurnýjanlegir orkugjafar, svo sem vindorka, sólarorka og lífmassi, njóta greinilega minni vinsælda í Rússlandi en virkjun vatnsorku nýtur minni stuðnings í Finnlandi og Eistlandi. Þessi munur getur að hluta til endurspeglað hvaða orkugjafar eru ríkjandi í þáttökulöndunum. Til dæmis er rík hefð fyrir kolabrennslu- og kjarnorkuverum í Austur-Evrópu (IEA, 2017). Frekari rannsókn er hins vegar þörf til þess að öðlast skilning á þessum og öðrum breytileika eftir löndum.

Mynd 3: Val á orkugjöfum til rafmagnsframleiðslu í löndum ESB/EFTA (%).




Heimild: European Social Survey, 8. lota, 2016-2017. Gögnin voru vigtuð með tilliti til þýðisupplýsinga og fjölda í þýði fyrir greiningar milli landa.

Orkusparandi hegðun

Til þess að kanna orkuettirspurn var fólk spurt hversu viljugt það væri til þess að gera gangskör að því að auka orkunýtni (fjárfesta í tækni) og draga úr orkunotkun (breyta venjubundinni hegðun). Hvað varðar niðurskurð í orkunotkun, þá sýna niðurstöður að mikill meirihluti (74%) almennings ESB/EFTA svæðisins, segist oft, mjög oft eða alltaf gera eitthvað til að draga úr orkunotkun, svo sem að slökkva á tækjum sem eru ekki í notkun,

fara stuttar vegalengdir gangandi og nota loftkælingu og hitun aðeins þegar virkileg þörf er á. Svipað er uppi á teningnum þegar kemur að því að auka orkunýtni, margir sögðu að þeir myndu kaupa það heimilistæki sem sparar mesta orku og var meðaltalið 7,9 (Sf=2,2) fyrir ESB/EFTA löndin 21, á kvarða frá 0 „alls ekki líklegt“ til 10 „gífurlega líklegt“. Þrátt fyrir að það sé breytileiki í svörum eftir löndum, mælist munur á svörum um orkusparandi hegðun tiltölulega lítil.

Mynd 4: Viðhorf til hækkunar skatta á jarðefnaeldsneyti í löndum ESB/EFTA.



Heimild: European Social Survey, 8. lota, 2016-2017. Gögn voru vigtuð með tilliti til þýðisupplýsinga (e. post-stratification weights) fyrir greiningar í einstökum löndum.


Umhverfisstefna

Til þess að kanna afstöðu svarenda til ólíkra stefnumiða í umhverfismálum til að draga úr loftslagsbreytingum var notast við þrjár spurningar um það hversu hlyntir eða andvígir svarendur væru því að hækka skatta á jarðefnaeldsneyti, nota almannafé til að niðurgreiða endurnýjanlega orku og setja lög sem banna sölu á orkufrekustu heimilistækjunum. Þessar aðgerðir fela í sér annars vegar að dregið sé úr

kolefnislosun við framleiðslu orkugjafa og hins vegar reglugerðir til þess að draga úr eftirspurn eftir orku.

Á myndum 4 - 6 má sjá að í löndunum á ESB/EFTA svæðinu er notkun almannafés til að niðurgreiða endurnýjanlega orku litin jákvæðum augum, þar sem um þrír fjórðu Evrópubúa segjast vera frekar eða mjög hlyntir og aðeins einn af hverjum tíu er frekar eða mjög andvígur niðurgreiðslu. Reglusetning nýtur líka vinsælda.

Mynd 5: Viðhorf til niðurgreiðslu á endurnýjanlegri orku í löndum ESB/EFTA.




Meira en helmingur Evrópubúa styður lög sem banna sölu á orkufrekustu heimilistækjunum og aðeins einn af hverjum fimm svarendum er frekar eða mjög andvígur þeirri aðgerð. Auknar skattaálögur á jarðefnaeldsneyti, svo sem olíu, gas og kol, njóta minnstra vinsælda af þessum þremur aðgerðum, þar sem fleiri eru andvígir þeim (44%) en hlyntir (30%).

Skattur á jarðefnaeldsneyti virðist njóta meiri vinsælda í nokkrum löndum Vestur-Evrópu, þá sérstaklega á Norðurlöndunum, en nýtur aðeins meirihluta stuðnings í

Svíþjóð og Finnlandi. Minnstra vinsælda nýtur hugmyndin í Póllandi og Rússlandi og er tiltölulega óvinsæl annars staðar í Austur-Evrópu og í sumum löndum Suður-Evrópu, svo sem á Spáni og í Portúgal. Það er enginn skýr munur eftir landsvæðum í stuðningi við niðurgreiðslu á endurnýjanlegri orku. Stuðningurinn mælist mestur í Ungverjalandi og Slóveníu og minnstur í Tékklandi, Rússlandi, á Íslandi og Írlandi. Breytileiki var tiltölulega lítil eftir löndum, hvað varðar stuðning við bann á orkufrekum heimilistækjum.

Mynd 6: Viðhorf til banns við sölu á minnst orkusparandi heimilistækjunum í löndum ESB/EFTA.



Heimild: European Social Survey, 8. lota, 2016-2017. Gögn voru vigtuð með tilliti til þýðisupplýsinga (e. post-stratification weights) fyrir greiningar í einstökum löndum.

Niðurlag

Könnunin í 8. lotu ESS um viðhorf til loftslagsbreytinga og orkumála veitir yfirgripsmikla innsýn í hugmyndir Evrópubúa um loftslagsbreytingar og orkuöryggi, svo og hvað þeim finnst um aðgerðir til þess að draga úr orkunotkun, þeirra eigin og samfélagsins í heild.

Meginniðurstaðan er að yfirgnæfandi meirihluti Evrópubúa er sammála hugmyndum um að loftslagsbreytingar séu af manna völdum, jafnvel í löndum þar sem efasemdir hafa verið hvað mestar. Þrátt fyrir að flestir fallist á að loftslagsbreytingar séu vandamál sem er tilkomið af manna völdum, þá hafa þeir ekki miklar áhyggjur af breytingunum. Evrópubúar hafa ekki mjög miklar áhyggjur af loftslagsbreytingum og finnst þeim ekki bera mikla ábyrgð á að gera eitthvað í málinu sjálfir. Þeir hallast að því að átak af hálfu einstaklinga til að draga úr orkunotkun muni ekki hafa mikil áhrif. Þetta bendir til þess að þrátt fyrir að fólk viðurkenni að loftslagsbreytingar séu vandamál, þá virðist það ekki næg hvatning til þess að það geri gagngerar breytingar á eigin hegðun (Barasi, 2017).

Að því sögðu, þá er mikill vilji meðal Evrópubúa til að draga úr orkunotkun og mikill stuðningur við endurnýjanlega orkugjafa og reglur til að auka orkunýtni. Meirihluti íbúa í öllum löndunum telur að framleiða eigi mikið eða mjög mikið af rafmagni með sólar- og vindorku frekar en með öðrum orkugjöfum s.s. jarðefnaeldsneyti og kjarnorku. Sömuleiðis vilja Evrópubúar spara raforku með því að nota sparneytin heimilistæki og með aðgerðum til að draga úr orkunotkun og láta þeir í ljósi mikinn stuðning við hugmyndir um að greiða niður

endurnýjanlega orkugjafa og setja reglur um orkunýtingu heimilistækja.

Þótt þessi viðhorf gefi tilefni til bjartsýni um að dregið verði úr loftslagsbreytingum í framtíðinni er þó rétt að slá varnagla. Það getur dregið úr stuðningi fólks við aðgerðir ef þær þykja of kostnaðarsamar. Þegar upp er staðið hafa Evrópubúar að jafnaði meiri áhyggjur af orkukostnaði en loftslagsbreytingum og ein árangursríkasta leiðin til þess að draga úr kolefnislosun, þ.e. að hækka skatta á jarðefnaeldsneyti, er umtalsvert óvinsælli en aðrar aðgerðir sem spurt er um rannsókninni.

Ýmis samevrópsk mynstur koma í ljós þegar litið er til viðhorfa til loftslagsbreytinga og orkumála. Almennir virðist stuðningur við aðgerðir í loftslagsmálum og áherslur á orkugjafa sem framkalla ekki mikinn útblástur kolefna vera minni í löndum Mið- og Austur-Evrópu. Með nokkrum undantekningum, þá má sjá mynstur í trú á tilvist loftslagsbreytinga, áhyggjum af loftslagsbreytingum og viðhorfum til orkugjafa sem losa minna kolefni eins og vind- og sólarorku. Viðhorf til jarðefnaeldsneytis, svo sem kola og jarðgass, sem orkugjafa eru tiltölulega jákvæð í mörgum fyrrum kommúnistaríkjum. Þessar niðurstöður gætu endurspeglad það að í gegnum tíðina hafa þessi lönd reitt sig á orkugjafa sem krefjast jarðefna við framleiðslu á rafmagni en einnig efnahagsástand og hraða samfélagsbreytinga á svæðinu (Balžekiene og Telešiene, 2017). Gögn úr 8. lotu ESS-könnunarinnar munu styðja við frekari rannsóknir á því hvernig félagslegir og efnahagslegir þættir móta viðhorf almennings í hverju landi til orkumála og loftslagsbreytinga.

Aftanmálgreinar

¹ Alls eru það 21 Evrópuland á ESB/EFTA svæðinu (Austurríki, Belgía, Bretland, Eistland, Finnland, Frakkland, Holland, Ísland, Írland, Ítalía, Litháen, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland), Rússland og Ísrael.

² http://www.europeansocialsurvey.org/docs/round8/survey/ESS8_data_documentation_report_e02_0.pdf

³ https://www.europeansocialsurvey.org/docs/round8/methods/ESS8_project_specification.pdf

⁴ Myndirnar fyrir ESB/EFTA svæðið eru lítillega frábrugðnar, en mynstrið er svipað: 37% hafa miklar eða gífurlegar áhyggjur af orkuverði, 32% af loftslagsbreytingum og 10% af truflunum á orkuafhendingu.

⁵ 6.0 (Sf=2,5) þvert á lönd ESB/EFTA.

⁶ 6.3 (Sf=2,5) þvert á lönd ESB/EFTA.

⁷ 4.5 (Sf=2,6) þvert á lönd ESB/EFTA.

⁸ Eigin viðmið – trú á eigin áhrif: $r=0,34$, $p=0,000$; eigin viðmið – útkomuvæntingar: $r=0,42$, $p=0,000$; trú á eigin áhrif – útkomuvæntingar: $r=0,28$, $p=0,000$.

Heimildir

- Balžekienė, A. og Telešienė, A. (2017). Vulnerable and insecure? Environmental and technological risk perception in Europe. Í A. Telešienė og M. Gross (ritstj.), *Green European. Environmental Behaviour and Attitudes in Europe in a Historical and Cross-Cultural Comparative Perspective* (bls. 31–55). Abingdon: Routledge.
- Bandura, A. (1982). Self-efficacy mechanism in human agency. *American Psychologist*, 37(2), 122.
- Barasi, L. (2017). *The climate majority*. London: The New Internationalist.
- Hanss, D. og Böhm, G. (2010). Can I make a difference? The role of general and domain-specific self-efficacy in sustainable consumption decisions. *Umweltpsychologie*, 14, 46–74.
- IEA. (2017). *IEA Atlas of Energy*. Paris: International Energy Agency. Retrieved from <http://energyatlas.iea.org/>
- IPCC. (2014). *Climate Change 2014: Synthesis Report. Contribution of Working Groups I, II and III to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change*
- IPCC. (2014). *Climate Change 2014: Synthesis Report. Contribution of Working Groups I, II and III to the Fifth Assessment Report o. Geneva, Switzerland: Intergovernmental Panel on Climate Change.*
- Koletsou, A. og Mancy, R. (2011). Which efficacy constructs for large-scale social dilemma problems? Individual and collective forms of efficacy and outcome expectancies in the context of climate change mitigation. *Risk Management*, 13(4), 184–208. <http://doi.org/10.1057/rm.2011.12>
- Lubell, M. (2002). Environmental Activism as Collective Action. *Environment and Behavior*, 34(4), 431–454. <http://doi.org/10.1177/00116502034004002>
- Meinhold, J. L. og Malkus, A. J. (2005). Adolescent Environmental Behaviors: Can Knowledge, Attitudes, and Self-Efficacy Make a Difference? *Environment and Behavior*, 37(4), 511–532. <http://doi.org/10.1177/0013916504269665>
- Poortinga, W., Spence, A., Whitmarsh, L., Capstick, S. og Pidgeon, N. F. (2011). Uncertain climate: An investigation into public scepticism about anthropogenic climate change. *Global Environmental Change*, 21(3, SI), 1015–1024. <http://doi.org/10.1016/j.gloenvcha.2011.03.001>
- Steg, L. og de Groot, J. I. M. (2010). Explaining prosocial intentions: Testing causal relationships in the norm activation model. *British Journal of Social Psychology*, 49(4), 725–743. <http://doi.org/10.1348/014466609X477745>
- Stern, P. C. (2000). Toward a coherent theory of environmentally significant behavior. *Journal of Social Issues*, 56(3), 407–424. <http://doi.org/10.1111/0022-4537.00175>
- World Energy Council. (2013). *World energy trilemma: time to get real - the case for sustainable energy investment*. London: World Energy Council. Retrieved from <http://www.worldenergy.org/wp-content/uploads/2013/09/2013-Time-to-get-real-the-case-for-sustainable-energy-investment.pdf>

ESS gögn og skjölun

Í evrópsku samfélagskönnuninni (ESS) hefur verið tekið 381.351 heimsóknarviðtal frá því að könnunin hófst á árunum 2002/03. Öll gögn sem hefur verið safnað í könnuninni ásamt fylgiskjölum - til og með lotu 8 (2016/17) - eru aðgengileg til niðurrhals eða skoðunar á netinu (europeansocialsurvey.org).

Árið 2013 fékk ESS aðild að samtökum evrópskra rannsóknainniðnaða, ERIC (European Research Infrastructure Consortium). Í því felst að öll þátttökulönd taka þátt í kostnaði við verkefnið. Alls tóku 23 þjóðir þátt í 8. lotu, þar af voru 17 aðilar að ERIC.

Með því að nota hugbúnaðinn sem nefndur er hér að neðan - EduNet og NESSTAR – getur þú slegist í hóp 125.000 aðila sem hafa fengið aðgang að gagnasafni ESS.

Á árunum 2003-2016 voru birtar 3.554 fræðigreinar, bækur og kaflar, vinnupappírar og ráðstefnugreinar sem byggðu á greiningum ESS gagna.

EduNet

Í gegnum námshugbúnað ESS, EduNet, er veittur aðgangur að dæmum og æfingum sem leiðbeina notendum í gegnum rannsóknarferlið, allt frá fræðilegum úrlausnarefnum til túlkunar tölfræðilegra niðurstaðna.

NESSTAR

NESSTAR hugbúnaðurinn gerir notendum kleift að greina ESS gögn á netinu. Upplýsingar og leiðbeiningar um notkun NESSTAR eru aðgengilegar á heimasíðu NSD - Norsk Senter for forskningsdata (nesstar.com).

Ritröð með helstu niðurstöðum

Þetta er áttunda tölublaðið í ritröð ESS með helstu niðurstöðum. Öll tölublaðin eru í opnum aðgangi á ESS-vefnum. Meðal annarra tölublaða eru:

1. Traust til réttarkerfisins (einnig aðgengilegt á króatísku og finnsku)
2. Viðhorf til velferðarmála í Evrópu (einnig aðgengilegt á króatísku, grísku, tyrknesku og úkraínsku)
3. Skilningur og mat Evrópubúa á lýðræði (einnig aðgengilegt á albönsku, frönsku, ungversku, ítölsku, litháísku, rússnesku, slóvakísku, slóvensku og sænsku)
4. Skilningur og mat Evrópubúa á lýðræði (einnig aðgengilegt á albönsku, frönsku, ungversku, ítölsku, litháísku, rússnesku, slóvakísku, slóvensku og sænsku)
5. Einstaklingsbundin og félagsleg velsæld Evrópubúa (einnig aðgengilegt á albönsku, litháísku, rússnesku, slóvakísku og slóvensku)
6. Félagslegur ójöfnuður á sviði heilbrigðismála og áhrifaþættir (einnig aðgengilegt á dönsku, frönsku, þýsku, írsku, gelísku, litháísku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku)
7. Viðhorf til innflytjenda og hvað býr að baki (einnig aðgengilegt á finnsku, frönsku, georgísku, þýsku, hebresku, litháísku, norsku, slóvensku og spænsku)
8. Viðhorf Evrópubúa til velferðarmála í fortíð, nútíð og framtíð (einnig aðgengilegt á búlgörsku, frönsku, þýsku og spænsku)

Um ESS

ESS er rannsókn sem hefur verið gerð um alla Evrópu frá árinu 2002. Í rannsókninni er spurt um viðhorf, skoðanir og hegðun fólks í meira en 30 mismunandi löndum. Gagnaöflun fer fram á tveggja ára fresti með nýju þversniðsúrtaki í hvert sinn. Gagnasafnið í hverri lotu samanstendur af yfir 380,000 svörum.

Evrópska samfélagskönnunin hefur haft stöðu evrópskra rannsóknainnviða (ESS ERIC) frá árinu 2013. ESS heldur áfram að að veita opinn aðgang að gögnum um viðhorf og hegðun fólks í mismunandi löndum yfir tíma.

ESS þemu:

- Traust til stofnana
- Þátttaka í stjórnmálum
- Félags- og stjórnmálaleg gildi
- Siðferði og félagsleg gildi
- Félagsauður
- Félagsleg útlökun
- Þjóðernis- og trúarvitund
- Heilsufar og velferð
- Lýðfræðileg samsetning
- Menntun og atvinna
- Fjárhagslegar aðstæður

- Heimilisaðstæður
- Viðhorf til velferðarmála
- Traust til réttarkerfisins
- Birtingarform og reynsla af aldursbundinni mismunun
- Ríkisborgararéttur, þátttaka og lýðræði
- Innflytjendur
- Fjölskylda, atvinna og velferð
- Efnahagslegt siðferði
- Skipulagning æviskeiða
- Loftslagsbreytingar og orkumál

www.europeansocialsurvey.org

www.esswellbeingmatters.org

Fylgist með ESS á Twitter: [@ESS_Survey](https://twitter.com/ESS_Survey)

Fylgist með ESS á Facebook: [@EuropeanSocialSurvey](https://www.facebook.com/EuropeanSocialSurvey)

Fylgist með ESS á LinkedIn: [@european-social-survey](https://www.linkedin.com/company/european-social-survey)



Útgáfa þessi nýtur styrks frá Horizon 2020, rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins, skv. styrkjásamkomulagi nr. 676166

Þýðing: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Útgefandi: European Social Survey, ERIC City, University of London, Northampton Square, London, EC1V 0HB, Bretland

September 2013

Alls tóku 23 þjóðir þátt í 8. lotu ESS, framkvæmt 2016/17.

Aðildarríki:

Austurríkí, Belgía, Bretland, Eistland, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Litáen, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland

Áheymarfulltrúi:

Sviss

Aðrir þátttakendur:

Finnland, Ísland, Ísrael, Rússland og Spánn

Alþjóðlegir ráðgjafarhópar ESS ERIC General Assembly eru: Methods Advisory Board (MAB), Scientific Advisory Board (SAB) og Finance Committee (FINCOM).

Höfuðstöðvar ESS ERIC eru í City, University of London.

Aðild að miðlægu vísindateymi ESS ERIC eiga: GESIS - Leibniz Institute for the Social Sciences (Þýskalandi); Katholieke Universiteit Leuven (Belgíu); NSD - Norsk Senter for Forskningsdata (Noregi); SCP - The Netherlands Institute for Social Research (Hollandi); Universitat Pompeu Fabra (Spáni); University of Essex (Bretlandi); og University of Ljubljana (Slóveníu).

Rannsóknarteymi frá öllum þáttökulöndunum taka þátt í skipulagsfundum, National Coordinators' (NC) Forum

